


Um gildi tónlistarnáms fyrir íslensk ungmenni

*Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 9. og 10. bekk
grunnskóla á Íslandi*

Inga Dóra Sigfúsdóttir
Bryndís Björk Ásgeirsdóttir



RANNSÓKNIR & GREINING

Centre for Social Research and Analysis

Laugavegi 58b – 101 Reykjavík

sími 535 3800 – netfang rannsoknir@rannsoknir.is

*Um gildi tónlistarnáms fyrir
íslensk ungmenni*

*Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 9. og 10. bekk
grunnskóla á Íslandi*

**Unnið að tilstuðlan
Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar**

Inga Dóra Sigfúsdóttir
Bryndís Björk Ásgeirsdóttir

© 2004 Rannsóknir & greining ehf

*Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun,
hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis
Rannsókna & greiningar ehf.*

Efnisyfirlit

INNGANGSORÐ	5
AÐFERÐ	7
NIÐURSTÖÐUR	8
1. ÁSTUNDUN TÓNLISTARNÁMS	8
2. TÓNLISTARNÁM, EINKUNNIR OG VIÐHORF TIL NÁMS OG SKÓLA	9
<i>Einkunnir</i>	<i>9</i>
<i>Viðhorf til náms og skóla</i>	<i>11</i>
<i>Niðurstæða</i>	<i>15</i>
3. TÓNLISTARNÁM OG NEYSLA VÍMUEFNA	16
<i>Reykningar</i>	<i>16</i>
<i>Áfengisneysla</i>	<i>17</i>
<i>Hassneysla</i>	<i>18</i>
<i>Niðurstæða</i>	<i>19</i>
4. LOKAORÐ	21

Yfirlit yfir myndir

Mynd 1. Ástundun tónlistarnáms meðal stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000.....	8
Mynd 2. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem hafa verið með um og yfir 8 í einkunn í íslensku eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.....	9
Mynd 3. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem hafa verið með um og yfir 8 í einkunn í stærðfræði eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.....	10
Mynd 4. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem hafa verið með um og yfir 8 í einkunn í ensku eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.....	10
Mynd 5. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem hafa verið með um og yfir 8 í einkunn í dönsku eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.....	11
Mynd 6. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem segjast vera mjög eða frekar ánægð með árangur sinn í skólanum í vetur eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.	12
Mynd 7. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem segjast nær aldrei finnast námið vera of þungt eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.....	12
Mynd 8. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem segjast nær aldrei vera illa undirbúin undir kennslustundir eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.....	13
Mynd 9. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem finnast námið nær aldrei vera tilgangslaust eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.....	14
Mynd 10. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem leiðist námið nær alltaf eða oft eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.....	14
Mynd 11. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem reykja daglega eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.	17
Mynd 12. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem hafa einhvern tíma orðið drukkin um ævina eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.....	17
Mynd 13. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem hafa orðið drukkin sl. 30 daga eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.....	18
Mynd 14. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem hafa notað hass einu sinni eða oft um ævina eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.....	18

Inngangsorð

Lífstíll unglunga mótast að verulegu leyti í tómstundum þeirra, sem oftast en ekki liggja utan lögsögu fjölskyldu og hefðbundins skólstarfs. Tómstundum sem mótast af áhugamálum unglunga og starfsemi skipulagðra æskulýðsfélaga, en einnig tískustraumum sem gjarnan eiga sér alþjóðlegar rætur¹. Bæði innlendar og erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós mikilvægi skipulagðs tómstundastarfs fyrir velferð ungmenna². Þannig hafa rannsóknir sem beinst hafa að lífsstíl unglunga sýnt að tómstundir sem eru skipulagðar og í umsjá hefðbundinna ábyrgra aðila (til dæmis foreldra, kennara eða þjálfara) dragi úr líkum á frávikshegðun eins og vímuefnaneyslu. Á hinn bóginn hefur verið sýnt fram á að það auki líkur á slíkum lífsstíl ef unglingar verja frístundum sínum í tómstundastarfi sem ekki er í umsjá ábyrgra aðila. Líkur á því að ungmenni tileinki sér lífsstíl sem einkennist af vímuefnaneyslu og öðru neikvæðu atferli aukast eftir því sem þau verja meira af frítíma sínum saman og byggja upp áhugamál í fjarveru þeirra aðila sem standa vörð um hefðbundin gildi og viðmið.

Erlendar rannsóknir á ástundun tónlistarnáms meðal ungs fólks og tengslum þess við aðra þætti í lífi þeirra hafa oft verið gerðar innan ramma kenninga um menningarauð (cultural capital)³. Umræða um menningarauð beinist að því að skoða hvernig menningarleg gildi í uppeldisstarfi hafa áhrif á velferð ungmenna. Nýjar rannsóknir á þessu sviði benda einmitt til þess að regluleg þátttaka ungmenna í tónlistarnámi hafi jákvæð áhrif á námsárangur þeirra⁴. Þessar rannsóknir benda þannig til þess að þátttaka unglunganna sjálfra í menningarlífi, til að mynda ástundun þeirra á tónlist og lestur bóka skipti verulegu máli fyrir árangur þeirra á öðrum sviðum. Erlendar rannsóknir hafa jafnframt leitt í ljós að þátttaka í tónlistarnámi dragi úr líkum á brottfalli nemenda úr framhaldsskóla⁵.

¹ Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson (1998). Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður.

² Þórólfur Þórlindsson og fleiri (1998); Osgood, D.W., J.K. Wilson, J.K., P.M. O'Malley, J.G. Bachman (1996). Routine Activities and individual Deviant Behavior. *American Sociological Review*: 50:231-243.

³ DiMaggio, Paul. 1982. "Cultural Capital and School Success: The Impact of Status Culture Participation on the Grades of U.S. High School Students." *American Sociological Review* 47: 189 – 201.

⁴ De Graaf, Nan, Paul De Graaf, and Gerbert Kraaykamp. 2000. "Parental Cultural Capital and Educational Attainment in the Netherlands: A Refinement of the Cultural Capital Perspective." *Sociology of Education* 73: 92 – 111.

⁵ McNeal, R.B. Jr. (1995). Extracurricular Activities and High School Dropouts. *Sociology of Education*, 68; 62-81.

Hér á landi hafa nokkrar mikilvægar rannsóknir verið gerðar á gildi skipulagðs félagsstarfs fyrir unglunga. Niðurstöður þeirra hafa almennt gefið til kynna sterk tengsl þess að taka þátt í skipulögðu félagsstarfi við aðra þætti í lífi unglunga⁶. Þannig hafa niðurstöður til að mynda gefið til kynna að þau ungmenni sem taka þátt í skipulögðu félagsstarfi séu ólíklegri en önnur ungmenni til að leiðast út í frávíkshæðun svo sem vímuefnaneyslu. Fram til þessa hefur athygli ekki mikið beinst að ástundun tónlistarnáms⁷. Hér er sérstaklega fjallað um gildi tónlistarnáms fyrir íslensk ungmenni. Greiningin beinist að tengslum tónlistarnáms við frammistöðu í námi og viðhorfum til hefðbundins skólastarfs, svo og tengslum þess við frávíkshæðun.

⁶ Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson (1993). Tímstundir íslenskra ungmenna vorið 1992. Rannsóknarstofnun Uppeldis- og menntamála. Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (1994). Um gildi íþróttar fyrir íslensk ungmenni. Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2000). Félagsstarf og frístundir íslenskra unglunga. Æskan.

⁷ Um þetta er þó fjallað aðeins í bókinni Félagsstarf og frístundir íslenskra unglunga.

Aðferð

Gögnin sem greiningin byggir á eru fengin úr könnuninni *Ungt fólk 2000* sem Rannsóknir & greining lögðu fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi í aprílmánuði árið 2000. Könnunin var unnin í samvinnu við Áfengis- og vímuvarnaráð, Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur, áætlunina Ísland án eiturlyfja, Landlæknisembættið, Embætti héraðslækna, Manneldisráð, Samstarfsnefnd um málefni nýbúa og Samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar um afbrota- og fíkniefnavarnir. Þátttakendur voru nemendur í 9. og 10. bekk allra grunnskóla á Íslandi. Allir nemendur sem voru mættir í skólann þann dag sem könnunin var lögð fyrir svöruðu. Hér er því ekki um hefðbundna úrtakskönnun að ræða heldur var könnunin lögð fyrir allt þýðið. Alls er unnið með svör 6346 nemenda í 9. og 10. bekk og er svarhlutfallið um 88% af öllum nemendum sem skráðir voru í 9. og 10. bekk vorið 2000.


Framkvæmd var þannig háttað að spurningalistar voru sendir í alla skóla á landinu þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir. Allir nemendur sem sátu í kennslustundum daginn sem könnunin fór fram svöruðu spurningalistanum. Með hverjum spurningalista fylgdi ómerkt umslag sem nemendur settu listann í að útfyllingu lokinni. Ítrekað var fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana svo útilokað væri að rekja svörin til einstakra nemenda. Jafnframt voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þyrftu á að halda.

Hér á eftir er fjallað um gildi tónlistarnáms fyrir unglínga. Þau gögn sem aflað var í könnuninni *Ungt fólk 2000* eru greind í þeim tilgangi að athuga sérstaklega félagslegt umhverfi og aðstæður íslenskra unglínga sem stunda reglulegt tónlistarnám til samanburðar við þá sem ekki taka þátt í slíku skipulögðu starfi. Í greiningunni er að mestu unnið með tvo hópa nemenda, annars vegar 1032 nemendur í 9. og 10. bekk sem stunda tónlistarnám einu sinni í viku eða oftár og er það skilgreint sem ástundun reglulegs tónlistarnáms. Hins vegar er unnið með hóp 4986 nemenda sem ekki stunda tónlistarnám svo oft. Rannsóknin er unnin að tilstuðlan Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar.

Niðurstöður

1. Ástundun tónlistarnáms

Þegar ástundun tónlistarnáms nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla á Íslandi er athuguð gefa niðurstöður til kynna að töluverður hluti, eða um 17% nemenda stunda slíkt nám einu sinni í viku eða oftar. Það veður athygli að mun fleiri stelpur en strákar stunda tónlistarnám svo oft. Þannig segjast um tvær af hverjum tíu stelpum stunda tónlistarnám 1 sinni í viku eða oftar samanborið við um rúmlega 1 af hverjum tíu strákum (sjá mynd 1). Einnig má sjá að hæst hlutfall nemenda stundar tónlistarnám 1-2 sinnum í viku, eða um 15% stelpna og 8% stráka. Þá segjast um 6% stelpna og 4% stráka stunda tónlistarnám oftar, það er 3 sinnum í viku eða oftar.



Mynd 1. Ástundun tónlistarnáms meðal stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000.


Þessar niðurstöður um ólíka ástundun kynjanna eru svipaðar og komu fram í könnuninni Ungt fólk 1997. Í þeirri rannsókn sögðust tæplega tvöfalt fleiri stelpur en strákar á þessum aldri sækja tíma í tónlistarskóla vikulega eða oftar (Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2000). Hvað varðar þann litla hóp nemenda sem stundar tónlistarnám sjaldnar en einu sinni í viku má benda á að niðurstöður frá árinu 1997 gáfu til kynna að sá hópur væri að ýmsu leyti frábrugðinn þeim hópi sem stundar tónlistarnámið reglulegar. Í umfjölluninni hér á eftir verður athyglinni sérstaklega beint að þeim nemendum sem stunda tónlistarnám reglulega, það er einu sinni í viku eða oftar. Í framtíðinni er hins vegar áhugavert og þarft að rannsaka nánar þessa ólíku hópa tónlistariðkenda.

2. Tónlistarnám, einkunnir og viðhorf til náms og skóla

Í þessum kafla eru kynntar niðurstöður sem sýna tengsl milli ástundunar tónlistarnáms annars vegar og hins vegar einkunna og viðhorfs til náms og skóla. Niðurstöður gefa til kynna að unglingar sem stunda reglulegt tónlistarnám hafi jákvæðari viðhorf í garð náms og skóla almennt og gangi betur í skólanum samanborið við jafnaldra þeirra sem ekki stunda reglulegt tónlistarnám.

Einkunnir

Á myndum 2 til 5 má sjá tengsl tónlistarnáms og einkunna nemenda. Mynd 2 sýnir hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem hafa verið með um og yfir 8 í íslensku eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki. Á myndinni má sjá að mun hærra hlutfall stelpna og stráka sem stunda tónlistarnám vegnar vel í námi og eru með um og yfir 8 í einkunn í íslensku samanborið við jafnaldra þeirra sem ekki stunda tónlistarnám reglulega. Þannig segiast um 75% stelpna sem stunda reglulegt tónlistarnám hafa verið með um og yfir 8 í einkunn í íslensku samanborið við um helming stelpna sem ekki stundar tónlistarnám svo oft. Meðal stráka segist um rúmlega helmingur þeirra sem stundar reglulegt tónlistarnám hafa fengið um og yfir 8 í íslensku samanborið við einungis 33% þeirra sem ekki stunda tónlistarnám svo reglulega.




Mynd 2. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem hafa verið með um og yfir 8 í einkunn í íslensku eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.

Rétt er að benda á að sjá má töluverðan kynjamun á einkunum nemenda þar sem stelpur eru almennt með mun hærri einkunnir en strákar. Þessar niðurstöður koma heim og saman við rannsóknir. Þrátt fyrir þennan mun á einkunum kynjana eru tengslin milli ástundunar reglulegs


tónlistarnáms og einkunna martæk fyrir bæði kynin en benda má á að almennt eru þau sterkari fyrir stelpur en stráka.

Á mynd 3 má sjá hlutfall stelpna og stráka sem hafa verið með um og yfir 8 í einkunn í stærðfræði eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki. Niðurstöður sýna að meirihluti stelpna (63%) og stráka (53%) sem stunda reglulegt tónlistarnám hafa svo háa einkunn í stærðfræði samanborið við minnihluta þeirra (38-40%) sem ekki stunda tónlistarnám svo oft.



Mynd 3. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem hafa verið með um og yfir 8 í einkunn í stærðfræði eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.


Þegar einkunnir í ensku eru annars vegar má sjá að um 73% stelpna og 67% stráka sem stunda reglulegt tónlistarnám hafa verið með um og yfir 8 í einkunn. Meðal þeirra sem ekki stunda reglulegt tónlistarnám hefur hins vegar mun lægra hlutfall (55-56%) svo háa einkunn í ensku.



Mynd 4. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem hafa verið með um og yfir 8 í einkunn í ensku eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.

Að lokum má sjá að svipuð tengsl koma fram þegar einkunnir í dönsku er skoðaðar (sjá mynd 5). Þannig segist mun hærra hlutfall stelpna sem stunda reglulegt tónlistarnám

hafa verið með um og yfir 8 í dönsku (73%) samanborið við stelpur sem ekki stunda reglulegt tónlistarnám (51%). Meðal stráka er munurinn einnig töluverður þar sem um 48% stráka í reglulegu tónlistarnámi segjast hafa fengið svo háa einkunn í dönsku samanborið við einungis um 30% annarra stráka.




Mynd 5. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem hafa verið með um og yfir 8 í einkunn í dönsku eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.

Viðhorf til náms og skóla

Af ofangreindu má sjá að hærra hlutfall nemenda sem stunda reglulegt tónlistarnám hafa fengið háa einkunn í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku samanborið við samnemendur sem ekki stunda reglulegt tónlistarnám. Niðurstöðurnar gefa einnig til kynna að nemendur sem stunda reglulegt tónlistarnám hafi jákvæðara viðhorf til námsins, undirbúi sig betur fyrir kennslustundir og finni meiri tilgang með náminu en aðrir nemendur. Þessar niðurstöður eru sýndar á myndum 6-10. Að auki er rétt að geta þess að við greininguna komu ekki fram tengsl milli ástundunar reglulegs tónlistarnáms og líðanar í skóla. Þannig virðist þeim nemendum sem stunda reglulegt tónlistarnám líða álíka vel í skólanum og öðrum nemendum (ekki sýnt á mynd).


Á mynd 6 má sjá að hlutfallslega fleiri nemendur sem stunda reglulegt tónlistarnám eru mjög eða frekar ánægðir með árangurinn sinn í skólanum samanborið við aðra nemendur sem stunda ekki reglulegt tónlistarnám. Þó þessi tengsl komi fram meðal beggja kynja eru tengslin mun sterkari fyrir stelpur en stráka. Þannig segjast um 83% stelpna sem stunda reglulegt tónlistarnám vera mjög eða frekar ánægðar með árangur sinn í skólanum í vetur samanborið við um 66% þeirra sem ekki stunda reglulegt tónlistarnám. Meðal stráka er munurinn minni þar sem um 67% stráka í reglulegu

tónlistarnámi segjast vera mjög eða frekar ánægðir með árangur sinn í skólanum samanborið við um 59% þeirra sem ekki stunda reglulegt tónlistarnám.



Mynd 6. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem segjast vera mjög eða frekar ánægð með árangur sinn í skólanum í vetur eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.


Þá má sjá á mynd 7 að skólanámið reynist unglingum í reglulegu tónlistarnámi ekki eins þungt og öðrum sem ekki eru í reglulegu tónlistarnámi. Þannig segist herra hlutfall stráka (46%) og langtum herra hlutfall stelpna (60%) í reglulegu tónlistarnámi námið sjaldan eða nær aldrei vera of þungt samanborið við jafnaldra þeirra sem ekki stunda reglulegt tónlistarnám (38%).



Mynd 7. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem segjast nær aldrei finnast námið vera of þungt eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.

Velta má fyrir sér ástæðum þess að nemendum í reglulegu tónlistarnámi finnist skólanámið ekki eins þungt og öðrum nemendum. Ein skýringin gæti verið sú að þau undirbúi sig betur undir kennslustundir. Á mynd 8 má sjá að hlutfallslega fleiri nemendur


sem stunda reglulegt tónlistarnám segjast sjaldan eða nær aldrei vera illa undirbúnir undir kennslustundir. Það vekur athygli að það á helst við um stelpur í reglulegu tónlistarnámi að vera sjaldan illa undirbúnar undir kennslustundir þar sem það á við um 74% þeirra samanborið við 54% stráka í tónlistarnámi og 56% stelpna og 47% stráka sem ekki stunda slíkt tónlistarnám.



Mynd 8. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem segjast nær aldrei vera illa undirbúnir undir kennslustundir eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.


Svipaðar niðurstöður koma fram þegar spurt er um hvort þau leggi nægilega rækt við námið þar sem stærstur hluti stelpna í reglulegu tónlistarnámi segist oft eða nær alltaf leggja nægilega rækt við skólanámið (ekki sýnt á mynd).

Þá virðist nemendum í tónlistarnámi síður finnast námið tilgangslaus eins og sjá má á mynd 9. Þannig segir herra hlutfall stelpna í reglulegu tónlistarnámi að námið sé nær aldrei tilgangslaus (48%) samanborið við stelpur sem eru ekki í slíku tónlistarnámi (38%). Þó tengslin komi einnig fram meðal stráka finnst þeim námið almennt tilgangslausara en stelpunum. Þannig finnst um 34% þeirra sem stunda reglulegt tónlistarnám skólanámið vera nær aldrei tilgangslaus samanborið við um 27% þeirra sem ekki stunda reglulegt tónlistarnám.



Mynd 9. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem finnast námið nær aldrei vera tilgangslaust eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.

Að lokum má sjá á mynd 10 hversu hátt hlutfall stelpna og stráka leiðist oft eða nær alltaf skólanámið. Svipað og sjá má um tilgangssleysi náms þá er mun algengara að strákum leiðist skólanámið en stelpum. Þrátt fyrir það eru bæði strákar og stelpur sem stunda reglulegt tónlistarnám mun ólíklegri til að leiðast skólanámið oft eða nær alltaf samanborið við stelpur og stráka sem ekki stunda reglulegt tónlistarnám.



Mynd 10. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem leiðist námið nær alltaf eða oft eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.

Í þessu samhengi vekur athygli lágt hlutfall stelpna í reglulegu tónlistarnámi sem leiðist skólanámið oft eða nær alltaf, en það á einungis við um rúmlega eina stúlku af hverjum tíu samanborið við tvær af hverjum tíu stelpum sem ekki stunda reglulegt tónlistarnám, rúmlega þrjá af hverjum tíu strákum sem stunda reglulegt tónlistarnám og fjóra af hverjum tíu strákum sem ekki stunda reglulegt tónlistarnám (sjá mynd 10).

Niðurstaða

Í niðurstöðunum hér að framan hafa verið skoðuð einföld tengsl milli tveggja breyta. Mikilvægt er að kanna hvort tengsl tónlistarnáms við námsárangur unglunga haldist marktæk þegar tillit hefur verið tekið til annarra þátta í félagslegu umhverfi þeirra, svo sem menntunar foreldra, tengsla við foreldra og ástundun skipulagðs félagsstarfs, annars en tónlistarnáms. Þetta er nauðsynlegt að gera, til þess að varpa ljósi á það hvort tónlistarnámið sé að hafa áhrif í sjálfu sér eða hvort aðrir þættir í lífi unglunganna skýri tengslin sem fram koma milli tónlistarnáms og námsárangurs. Til að mynda væri hugsanlegt að það væri í raun menntun foreldra eða hugsanlega tengsl unglunga við foreldra sína sem væri að hafa þau áhrif sem við sjáum koma fram milli tónlistarnáms og námsárangurs. Tafla 1 sýnir hvaða áhrif kyn, fjölskyldugerð, menntun foreldra, stuðningur, eftirlit og samvera með foreldrum, svo og ástundun skipulagðs félagsstarfs, þar á meðal tónlistarnáms hefur á námsárangur unglunga.

Tafla 1. Áhrif bakgrunnþátta á námsárangur

	Íslenska Exp (B)	Stærðfræði Exp (B)	Enska Exp (B)	Danska Exp (B)
Kyn	2,39***	1,09	1,03	2,53***
Menntun móður	1,27***	1,23***	1,14***	1,26***
Menntun föður	1,18***	1,22***	1,21***	1,22***
Fjölskyldugerð (báðir foreldrar =1)	1,26**	1,19*	1,09	1,13
Stuðningur foreldra	1,05*	1,04*	1,08**	1,06**
Samvera með foreldrum	1,08***	1,08***	1,00	1,07***
Eftirlit foreldra	1,12***	1,12***	1,05**	1,12***
Tónlistarnám	1,24***	1,20***	1,17***	1,18***
Félagsmiðstöð að undanskildum böllum (t.d. námskeið/klúbbar)	0,99	0,99	0,98	0,99
Félagsstarf í skóla að undanskildum böllum (t.d. námskeið/klúbbar)	0,96	0,94	0,95	0,92*
Íþróttir með íþróttafélagi	1,13***	1,15***	1,01	1,07***

*Marktækt við $p > .05$

**Marktækt við $p > .01$

***Marktækt við $p > .001$

Niðurstöðurnar í töflu 1 sýna að áhrif ástundunar tónlistarnáms á líkindi þess að ganga vel í námi, það er að fá 8 eða hærra í einkunn, haldast marktæk, þrátt fyrir að tekið sé tillit til annarra mikilvægra þátta í lífi unglunga. Þannig sjáum við að tónlistarnámið hefur sjálfstæð tengsl við námsárangurinn umfram tengsl við menntun foreldra. Aðrir þættir hafa vissulega einnig áhrif. Þannig hefur menntun foreldra sterk áhrif á líkur þess að unglingum gangi vel í námi. Þá aukast líkur á velgengni í námi eftir því sem stuðningur foreldra, eftirlit og samvera með þeim eykst. Einnig kemur í ljós að iðkun íþróttanna hefur

áhrif í þá veru. Annað skipulagt félagsstarf, líkt og þátttaka í klúbbum og námskeiðum á vegum skóla eða annarra, hefur ekki áhrif á námsgengi, eftir að tekið hefur verið tillit til tónlistarnáms, íþróttaiðkunar og fjölskylduþátta.

3. Tónlistarnám og neysla vímuefna


Niðurstöður rannsókna hafa gefið til kynna að skipulagt tómstunda- og æskulýðsstarf hafi mikilvægu hlutverki að gegna til að þroska og styðja ungmenni og til að koma í veg fyrir að þau hagi lífi sínu á þann hátt sem getur haft neikvæðar afleiðingar fyrir þau. Þannig virðast til að mynda ungmenni sem taka þátt í skipulögðu starfi vera síður líkleg til að leiðast út í frávíkshæðun s.s. vímuefnaneyslu en þau ungmenni sem ekki taka þátt í skipulögðu starfi.⁸

Í þessum kafla verða tengsl ástundunar reglulegs tónlistarnáms annars vegar og neysla vímuefna hins vegar skoðuð. Athugað verður hvort þeir nemendur sem stunda tónlistarnám reglulega séu síður líklegir til að reykja sígarettur daglega, hafa orðið ölvaðir eða reykt hass einhvern tíma um ævina en þeir nemendur sem ekki stunda tónlistarnám reglulega.

Reykingar

Á mynd 11 má sjá hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem reykja daglega eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki. Niðurstöðurnar gefa til kynna að mun lægra hlutfall nemenda sem stundar reglulegt tónlistarnám reyki daglega samanborið við aðra nemendur sem ekki stunda slíkt nám.

⁸ Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2000), Félagsstarf og frístundir íslenskra unglunga.




Mynd 11. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem reykja daglega eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.

Þessi tengsl eru sem áður sérstaklega sterk hjá stelpum þar sem þær sem stunda ekki reglulegt tónlistarnám eru rúmlega þrefalt líklegri til að reykja daglega (17%) en þær sem stunda slíkt nám (5%). Meðal strákanna er munurinn minni en þó marktækur þar sem um 7% stráka sem stunda reglulegt tónlistarnám reykja sígarettur daglega samanborið við um 12% þeirra sem ekki stunda reglulegt tónlistarnám.

Áfengisneysla


Sé áfengisneysla nemenda athuguð kemur í ljós að nemendur sem stunda reglulegt tónlistarnám eru ólíklegri en þeir sem ekki stunda slíkt nám til að hafa orðið ölvaðir einhvern tíma um ævina (sjá mynd 12) og síðastliðna 30 daga (sjá mynd 13).



Mynd 12. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem hafa einhvern tíma orðið drukkin um ævina eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.

Aftur er munurinn meiri meðal stelpna þar sem um 32% þeirra sem stunda tónlistarnám segjast einhvern tíma hafa orðið drukknar um ævina samanborið við 53%


stelpna sem ekki stunda tónlistarnám. Þá eru stelpur sem stunda ekki reglulegt tónlistarnám tvöfalt líklegri til að hafa orðið drukknar sl. 30 daga (30%) samanborið við þær sem stunda slíkt nám reglulega (16%).



Mynd 13. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem hafa orðið drukkin sl. 30 daga eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.

Hassneysla

Að lokum gefa niðurstöður til kynna að lægra hlutfall stráka og stelpna sem stunda reglulegt tónlistarnám hafi einhvern tíma um ævina prófað að nota hass samanborið við samnemendur þeirra sem ekki stunda tónlistarnám reglulega.



Mynd 14. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2000 sem hafa notað hass einu sinni eða oftari um ævina eftir því hvort þau stunda reglulegt tónlistarnám eða ekki.

Þannig segjast um 3% stelpna og 5% stráka sem stunda reglulegt tónlistarnám hafa notað hass einhvern tíma um ævina samanborið við 8% stelpna og 11% stráka sem ekki stunda reglulegt tónlistarnám.

Niðurstaða

Niðurstöður rannsókna styðja almennt það sjónarmið að félagslegt umhverfi ungmenna hafi verulega um það að segja hvernig þeim farnist í lífinu. Þannig hafa íslenskar rannsóknir til að mynda sýnt að tengsl unglunga og foreldra, það er að segja stuðningur foreldra, eftirlit þeirra og aðhald, svo og tími sem unglingar og foreldrar verja saman, hefur áhrif á líkur þess að unglingar neyti vímuefna⁹. Mikilvægt er því að kanna hvort tengsl tónlistarnáms við frávíkshægðun unglunga haldist marktæk þegar tillit hefur verið tekið til annarra þátta í félagslegu umhverfi þeirra, svo sem menntun foreldra, tengsl við foreldra og ástundun annars skipulagðs félagsstarfs. Þetta er nauðsynlegt að gera, svo unnt sé að segja til um hvort það sé raunverulega tónlistarnámið sem skipti máli í þessu sambandi, eða hvort aðrir þættir í lífi unglunganna skýri tengslin sem fram koma milli tónlistarnáms og frávíkshægðunar. Tafla 2 sýnir hvaða áhrif kyn, menntun foreldra, stuðningur, eftirlit og samvera foreldra, svo og ástundun skipulagðs félagsstarfs, þar á meðal tónlistarnáms hefur á líkur þess að unglingar leiðist út í frávíkshægðun, það er að segja reyki daglega, verði ölvaðir eða prófi hass.

Tafla 2. Áhrif bakgrunnspátta á frávíkshægðun

	Daglegar reykingar Exp (B)	Ölvun sl. 30 daga Exp (B)	Hassneysla Exp (B)
Kyn	1,37**	1,35**	0,64**
Menntun móður	0,95	0,92**	1,05
Menntun föður	0,98	1,00	0,98
Fjölskyldugerð (báðir foreldrar =1)	0,68**	0,81*	0,50***
Stuðningur foreldra	0,98	1,00	0,96
Samvera með foreldrum	0,68***	0,69***	0,72***
Eftirlit foreldra	0,87***	0,88***	0,90**
Tónlistarnám	0,82***	0,91**	0,87*
Félagsmiðstöð að undanskildum böllum (t.d. námskeið/klúbbar)	1,04	1,10**	1,12*
Félagsstarf í skóla að undanskildum böllum (t.d. námskeið/klúbbar)	0,96	1,05	0,99
Íþróttir með íþróttafélagi	0,74***	0,88***	0,81***

*Marktækt við $p > .05$

**Marktækt við $p > .01$

***Marktækt við $p > .001$

Það mikilvægasta sem lesa má úr niðurstöðunum sem birtar eru í töflu 2 er að áhrif ástundunar tónlistarnáms á líkindi þess að reykja, drekka og nota hass haldast marktæk, þrátt fyrir að tekið sé tillit til annarra mikilvægra þátta í lífi unglunga. Þó hafa einnig aðrir þættir en ástundun reglulegs tónlistarnáms áhrif á vímuefnaneyslu þeirra. Þannig dregur

⁹ Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála

til að mynda samvera með foreldrum og eftirlit þeirra verulega úr líkum á því að unglingar reyki, drekki sig ölvaða eða noti hass. Þá sjáum við að iðkun íþrótta hefur einnig áhrif í þá veru. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir okkar, sem leitt hafa í ljós að fjölskyldutengsl og íþróttaiðkun vega þungt þegar frávíkshæðun er annars vegar. Annað skipulagt félagsstarf, líkt og þátttaka í klúbbum og námskeiðum á vegum skóla eða annarra, hefur ekki áhrif á frávíkshæðun, eftir að tekið hefur verið tillit til tónlistarnáms, íþróttaiðkunar og fjölskylduþátta. Jafnframt má sjá að menntun foreldra hefur lítil eða engin sjálfstæð áhrif á vímuefnaneyslu, þegar tekið hefur verið tillit til annarra mikilvægra þátta. Fjölskyldugerð, það er hvort unglingar búa með báðum líffræðilegum foreldrum, eða við annað fyrirkomulag skiptir þó máli eftir að tekið hefur verið tillit til annarra þátta.

Hér hefur verið gerð grein fyrir megintengslum tónlistarnáms og vímuefnaneyslu að teknu tilliti til veigamikilla félagslegra bakgrunnþátta. Ein mikilvæg spurning, sem vert er að huga að, er hvort þátttaka í tónlistarnámi og tengsl þess við vímuefnaneyslu séu ávallt hin sömu, með hliðsjón til að mynda af sambandi þeirra við foreldra. Fyrri rannsóknir okkar hafa gefið til kynna að svo sé ekki. Þannig hafa þær sýnt að þessi tengsl séu sterkari meðal þeirra unglunga sem verja sjaldan tíma með foreldrum sínum um helgar en meðal þeirra unglunga sem verja oft tíma með foreldrum sínum um helgar. Ástundun reglulegs tónlistarnáms hefur því meira gildi fyrir þá unglunga sem njóta minni samvista við foreldra sína en aðra sem njóta meiri samvista við þá.

4. Lokaorð

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að þeir unglingar sem stunda tónlistarnám eru ekki eins líklegir til þess að reykja, neyta áfengis og annarra vímuefna og þeir sem ekki stunda reglulegt tónlistarnám. Greiningin leiðir jafnframt í ljós að unglingar sem stunda reglulegt tónlistarnám eru líklegri til að standa sig vel í skóla, þeir eru ánægðari með árangur sinn í náminu og sjá frekar tilgang með því en aðrir unglingar, sem ekki stunda slíkt nám. Það styrkir þær niðurstöður sem hér hafa verið birtar að þær eru byggðar á óvenjulega stóru úrtaki. Þá hafa fyrri rannsóknir okkar leitt í ljós að mælingarnar sem notaðar eru, eru réttmætar svo langt sem gögn okkar ná. Niðurstöðurnar sem hér hafa verið kynntar eru í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna, bæði íslenskar og erlendar, á gildi skipulagðs félagsstarfs fyrir unglinga. Þessi rannsókn er á hinn bóginn frábrugðin fyrri innlendum rannsóknum að því leyti að sjónum er hér beint að tónlistarnáminu sérstaklega, en tónlistarnám hefur fram til þessa oft þjónað sem einn mælikvarði sem lagður hefur verið á skipulagt tónlistarstarf.

Mikilvægt er að hafa í huga að, að baki þeim skýru niðurstöðum sem hér hafa verið dregnar upp, liggur flókið samspil margra þátta sem kanna þarf nánar eigi að fást heildarmynd og betri skilningur á gildi tónlistarnámsins fyrir ungt fólk. Þannig væri til að mynda brýnt að kanna nánar fleiri þætti sem tengjast ástundum námsins, og leita skýringa á því hvers vegna tengsl námsins við þætti á borð við líðan eru veikari en tengsl þess við aðra þætti. Þá væri brýnt að leita skýringa á því hvaða þættir það eru í tónlistarnáminu sem hafa þau áhrif sem við höfum séð hér. Vitað er að í tónlistarnámi er lögð áhersla á gildi og viðhorf sem geta haft áhrif á hegðun fólks. Unglingar sem stunda slíkt nám, ná þannig til að mynda að tileinka sér ýmis þau gildi sem haft geta áhrif á velgengni þeirra á öðrum sviðum, eins og ástundun, elju og athygli. Hér eru tónlistarkennarar í lykilhlutverki. Leggi þeir áherslu á slík gildi er líklegt að unglingar sem stundi námið, yfirfæri gildin yfir á önnur svið og nái þannig meiri árangri en jafnaldrar þeirra sem ekki stunda tónlistarnám. Þá er ljóst að ástundun tónlistarnáms, félagsskapurinn, hvatningin og ánægjan sem í tónlistarnáminu felst geti haft verulegt gildi fyrir unglinga.

Niðurstöður þessarar rannsóknar hafa leitt í ljós að tónlistarnám skipar mikilvægan sess í lífi margra unglinga. Þá höfum við séð að slíkt nám tengist öðrum þáttum í félagslegu umhverfi unglinganna, og getur þannig aukið líkur á að þeir nái

árangri á öðrum sviðum og dregið úr líkum á að þeir afvegaleiðist. Almennt má því segja að niðurstöðurnar gefi góðar vísbendingar um að tónlistarnám hafi mikið gildi fyrir íslenska unglina.